



Fundur háskólaráðs 9. október 2003

Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 06.10.2003
Dags: 09.10.2003

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

15/2003

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 9. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, María Guðmundsdóttir, Hjalti Hugason, Rögnvaldur Ólafsson, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, Elín S. Ólafsdóttir, Þorsteinn Loftsson, Davíð Gunnarsson og Ármann Höskuldsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram skýrsla um styttingu námstíma til stúdentsprófs, menntamála-ráðuneytið ágúst 2003 og minnisblað frá Stefáni B. Sigurðssyni um efni skýrslunnar.
- Málið verður til umræðu í háskólaráði síðar.
- 1.2 Lögð fram fræðsluáætlun fyrir starfsfólk í stjórnarsýslu Háskóla Íslands veturinn 2003 – 2004.
- 1.3 Lögð fram drög, dags. 7. október 2003, um fundaaætlun háskólaráðs háskólaárið 2003 – 2004.
- 1.4 Lögð fram skýrsla Húsnæðis- og skipulagsnefndar Háskóla Íslands 2001 – 2003.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Skipun nýs fulltrúa í stjórn Háskólabíós í stað Skúla Helgasonar sem sagt hefur sig úr stjórninni.
- Samþykkt einróma að Guðmundur R. Jónsson taki sæti Skúla Helgasonar í stjórn Háskólabíós.
- 2.2 Ósk skrifstofustjóra deilda um að brautskráning að vori verði eins seint og kostur er í júní vegna mikillar vinnu við undirbúning hennar.
- Rektor kynnti hugmynd sína um að brautskráning að vori verði síðasta laugardag í júní.
- 2.3 Lagt fram minnisblað um málefni Norrænu Eldfjallastöðvarinnar og tillaga að bókun háskólaráðs af þessu tilefni.
Málið var rætt ítarlega. Háskólaráð samþykkti samhljóða eftirfarandi bókun: „Háskólaráð fagnar því frumkvæði sem komið hefur fram að tilstuðlan menntamálaráðuneytis og Norrænu ráðherranefndarinnar um að sameina megi grunnrannsóknir og aðra starfsemi á sviði jarðvísinda sem í dag fer fram á vegum Norrænu Eldfjallastöðvarinnar og Háskóla Íslands. Ráðið hvetur rektor og stjórn Raunvísindastofnunar Háskólans til þess að ganga nú þegar til undirbúningsviðræðna við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar og með fulltingi ráðuneytisins, með það fyrir augum að ná samkomulagi um sameininguna”.

3. Mál á auglýstri dagskrá

Áður en gengið var til auglýstrar dagskrár greindi rektor frá því að dagskrárliðir 3.1, 3.2 og 3.3 væru efnislega svo tengdir að fjallað yrði um þá sameiginlega.

- 3.1 Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2004 og staðan í samningum við stjórnvöld. Framhald umræðu síðasta fundar. Lagt fram minnisblað rektors til deildarforseta, dags. 6. október 2003.
- 3.2 Skólagjöld. Erindi viðskipta- og hagfræðideildar, sbr. síðasta fund, um heimild til að taka skólagjöld í meistaranámi.
- 3.3 Markmið í nýjum kennslusamningi og stefna Háskólans á næstu árum.
Rektor reifaði þann hluta fjárlagafrumvarps fyrir árið 2004 sem fjallar um Háskóla Íslands sérstaklega. Í máli rektors kom m.a. fram að þrennt skiptir mestu máli gagnvart Háskólanum.

1. Áætlanir um fjárveitingar til háskóla mæta ekki fjárþörf vegna áætlaðrar fjölgunar nemenda.
2. Hækkanir á nemendaframlögum verða ekki í samræmi við hækkun útgjalda vegna kennslu.
3. Samkvæmt frumvarpinu lækkar hlutfall fjárveitingar til rannsókna af fjárveitingu til kennslu. Þetta hlutfall var 67% á árinu 1999, en verður að 47,5% á árinu 2004.

Þá greindi rektor frá því að hann hefði óskað eftir því við deildarforseta að þeir skýri á næstunni frá hugmyndum sínum, um það hvernig þeir geti aðlagð starfsemi deilda Háskólans að þessum fjárhagsramma, þar með talið að takmarka aðgang að námi. Í ljósi tillögu viðskipta- og hagfræðideildar um að deildin fái heimild til að innheimta skólagjöld í meistaranámi, og umræðna um skólagjöld á 10. háskólafundi 8. september sl., hefur rektor jafnframt óskað eftir hugmyndum deildarforseta um það, hvernig viðbótartekjur af skólagjöldum myndu verða nýttar, verði ákveðið að taka þau upp.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði ásamt rektor grein fyrir framlögðum drögum að yfirlýsingu vegna lækkunar fjárveitingar til rannsókna. Sagði rektor frá því að á næstunni myndi Háskólinn leggja allt kapp á að ljúka gerð nýs rannsókna-samnings samhliða endurnýjun kennslusamnings.

Málið var rætt ítarlega og svöruðu rektor og Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

Málið verður áfram á dagskrá.

- 3.4 Skipan kennslumálanefndar háskólaráðs, sbr. síðasta fund.

Rektor bar upp tillögu um skipan kennslumálanefndar háskólaráðs. Samkvæmt tillögunni verður Hjalti Hugason, prófessor í guðfræðideild, áfram formaður nefndarinnar til október 2004. Þá sitji Friðrik H. Jónsson, dósent í félagsvísindadeild, í nefndinni til áramóta 2003/2004, en gangi þá úr nefndinni. Nú þegar gangi úr nefndinni þau Guðrún B. Guðsteinsdóttir, dósent í heimspekideild, sem hættir að eigin ósk, og Áslaug Björgvinsdóttir, lektor í lagadeild, en hún hættir störfum við Háskóla Íslands um næstu áramót. Í stað þeirra Guðrúnar og Áslaugar komi Ragnheiður Bragadóttir, prófessor í lagadeild, og Ásdís R. Magnúsdóttir, lektor í heimspekideild. Áfram sitja í nefndinni til 30. júní 2005 þeir Óskar Hafnfjörð Auðunsson, fulltrúi stúdenta, Jón K. Fr. Geirsson, prófessor í raunvísindadeild, og Stefán B. Sigurðsson, prófessor í læknadeild.

- Samþykkt samhljóða.
- 3.5 Einkahlutafélagið „Vísindagarðar Háskóla Íslands”, drög samþykkt og stofn-skrár félagsins, sbr. síðasta fund.
 - Frestað.
- 3.6 Drög að samningi um kennaraskipti á milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Kennaraháskóla Íslands og Tækniháskóla Íslands ásamt minnisblaði akademískrar stjórnarsýslu og tillögu að samræmdum reglum um kennaraskipti, sbr. síðasta fund.
 - Frestað.
- 3.7 Tillaga lagadeildar um breytingu á ákvæðum 92. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 (sbr. reglur nr. 638/2002), svo og tillaga um viðauka við ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að lágmarkseinkunn í öllum þremur námsgreinum fyrsta misseris verði 6,0 í stað 7,0. Lagt fram á síðasta fundi. Umsögn kennslumálanefndar lögð fram.

Tillaga lagadeildar var rædd rækilega og hún samþykkt einróma. Háskólaráð leggur áherslu á eftirfarandi sjónarmið sem fram koma í fyrirbyggjandi umsögn kennslumálanefndar:

 1. Deildir háskólans bera faglega ábyrgð á kennslu, námsmati og veitingu prófgráða við námslok.
 2. Ekki er fallist á að leggja megi fjárhagslegar forsendur til grundvallar ákvörðun um akademískar kröfur.
- 3.8 Drög að svari við bréfi umboðsmanns Alþingis, dags. 26. maí 2002, sbr. síðasta fund. Málið var rætt ítarlega.
 - Samþykkt samhljóða að rektor svari umboðsmanni Alþingis f.h. háskólaráðs í anda framlagðrar tillögu.
- 3.9 Málefni lyfjasviðs LSH, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

Þorsteinn Loftsson, fulltrúi Félags prófessora og Félags háskólakennara í háskólaráði, og Elín Soffía Ólafsdóttir, fulltrúi heilbrigðisgreina í ráðinu, lögðu fram svohljóðandi tillögu: „Lagt er til að háskólaráð samþykki að Háskóli Íslands fari þess formlega á leit við Landspítala-Háskólasjúkrahús að ráðning sviðsstjóra lyfjasviðs verði endurskoðað m.t.t. gildandi samstarfssamnings H.Í. og LSH. Ef LSH verður ekki við beiðni H.Í. um endurskoðun, verði samningnum sagt upp. Jafnframt verði LSH gert ljóst að á meðan óvissa ríkir um framtíð samningsins mun H.Í. bíða með framkvæmd annarra mála sem tengjast honum, svo sem ráðningu klínískra kennara”.

Tillagan var rædd ítarlega. Hjalti Hugason bar upp tillögu um að tillögu Þorsteins og Elínar verði frestað til næsta fundar.

 - Frestunartillagan samþykkt með 8 atkvæðum, en tveir voru á móti.
- 3.10 Drög að úrskurði háskólaráðs vegna kæru á afgreiðslu umsóknar um nám í félagsvísindadeild, sbr. fund ráðsins 4. september sl.
 - Samþykkt einróma.
- 3.11 Beiðni félagsvísindadeildar um breytingu á 114. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 458/2000 vegna MSW náms við deildina, sbr. fund ráðsins 4. september sl. (lagt fram 21. ágúst sl.). Greinargerð félagsvísindadeildar, dags. 1. október sl. fylgir. Minnisblað frá akademískri stjórnarsýslu, dags. 7. október 2003, lagt fram.
 - Beiðni félagsvísindadeildar samþykkt einróma. Háskólaráð vísar því jafnframt til félagsvísindadeildar að hún endurskoði í samráði við kennslumálanefnd ákvæði reglna nr. 156/2003, með tilliti til MSW-námsins, sbr. framlagt minnisblað akademískrar stjórnarsýslu.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15.30